# Kennsluáætlun - enska 7. og 8. bekkur

**Bekkur:** 6. og 7. bekkur

**Námsgrein:** Enska

**Kennari:** Björgvin Valur Guðmundsson

**Tímafjöldi:** 120 mínútur á viku

## Námsgögn:

**Lykilhæfni:** Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

**Grunnþættir:** Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – *Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun*. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
| --- | --- | --- | --- |
| **Hlustun** | - Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.<br>- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.<br>- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta. | Hlustað á hljóðefni með kennslubókum og efni af netinu. | Kannanir og mat í lok annar. |
| **Lesskilningur** | - Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.<br>- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. | Lestur fréttamiðla og annarra texta á netinu. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Samskipti** | - Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina | Spjallað um áhugamál nemenda og daglegt líf. | |
| **Frásögn** | - Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum. | Nemendur segja lífsreynslusögur. | |
| **Ritun** | - Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.<br>- Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. | Ritgerðir og frásagnir frá eigin brjósti. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Menningarlæsi** | - Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. | Samþættað inn í námsefnið. | |
| **Námshæfni** | - Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.<br>- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.<br>- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. | | |